RÍKISENDURSKOÐUN
Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Dagsetning
18.04.2006

Tilvísun
P-615
SA/mb

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4

108 Reykjavík.

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN
Dags. móttöku: 19/4 '06
Afhent til: MEF
Bréfalykill: 112
Málsnúmer: 200601004 3

Fyrirspurnarbréf barst frá Póst- og fjarskiptastofnun dagsett þann 11. janúar 2006, þar sem farið er fram á að Ríkisendurskoðun geri nákvæmt uppgjör á jöfnunarsjóði um alþjónustu. Einnig er óskað eftir tillögum um með hvaða hætti umsýsla og uppgjör jöfnunarsjóðs fari fram.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti skal innheimta jöfnunargjald til að standa straum af alþjónustu. Í fyrstu málsgrein segir:
„Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar."
Jöfnunargjaldið skal nema 0,12% af bókfærðri veltu þeirra fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi.

Úthlutun úr jöfnunarsjóði. Einungis einn aðili hefur lengst af sótt um framlög úr sjóðunum og er það Neyðarlínan hf. Forstöðumaður hennar hefur fært rök fyrir umsókn sinni með framlögðum gögnum. Hlutfall af kostnaði við svörun neyðarsímtala hefur verið greiddur, þ.e. svörunin og áframsending en ekki allur kostnaður. Eftirlitsdeild Póst- og fjarskiptastofnunar hefur metið umsóknir. Á árinu 2004 sótti Landssími Íslands hf. um framlag úr sjóðnum en þeirri umsókn var vísað frá. Úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála hefur úrskurðað að taka skuli umsóknina til efnislegrar umfjöllunar.

Sími / telephone: (+354) 561 4121, myndsími / telefax: (+354) 562 4546, kennitala / Id.no. 540269-1819,
netfang / e-mail: postur@rikisend.althingi.is, heimasíða / http: www.rikisend.althingi.is

Staða jöfnunarsjóðs um alþjónustu er eftirfarandi:

Neðangreindar upplýsingar koma frá Fjársýslu ríkisins um álagningu, breytingu, afskriftir, innheimtu og stöðu hvers árs síðan það var lagt á á árinu 2000 til ársloka 2005.

Ár	Est. í ársb.	Álagning	Breytingar	Afskriftir	Innheimta	Est. í árslok
Árið 2000	0	13.931.078	0	0	9.818.302	4.112.776

fjarskiptastofnunar heldur verði að líta svo á að stofnunin beri að gera sjóðinn upp í lok hvers árs og taka saman ársreikning eða ársuppgjör sem sýnir tekjur hans og gjöld og greiðslustöðu við stofnunina.

Ríkisendurskoðun leggur því til að færslur vegna jöfnunarsjóðs verði færðar um viðskiptareikning hjá Póst- og fjarskiptastofnun en ekki um rekstrarreikning hennar og hafi þar af leiðandi ekki áhrif á afkomu hennar. Til stuðnings þessu áliti nægir að vísa til 22. gr. fjarskiptalaga og til 1. ml. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 641/2000 um alþjónustu, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 813/2000 um breyting á henni, sbr. og 2.. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.